

Mál nr. 391/2009

M

og

vátryggingafélagið V v/bifreiðarinnar A og vátryggingafélagið T v/bifreiðarinnar B

Ágreiningur um tjón skv. 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 6. nóvember 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins V til nefndarinnar dags. 19. nóvember 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélagsins T til nefndarinnar dags. 10. nóvember 2009.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar sem ekið var aftan á þann 6. desember 2005. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökuhraði bifreiðarinnar sem olli tjóninu var mjög lítil þegar árekstur varð og lítið sjáanlegt tjón var á ökutækjunum, nánar tiltekið sást ákoma en engar skemmdir sjáanlegar, eins og segir í lögregluskýrslu. M fór strax á slysadeild eftir atvikið og liggur fyrir læknaþrótt frá slysadeild til heimilislækni M þar sem einkennum er lýst og henni vísað til eftirlits hjá heimilislækni ef einkenni hafa ekki lagast fljótlega. Í málinu liggur einnig fyrir lækniþrótt Stefáns Dalberg dags. 20. október 2008. Í þessu þrótti og læknaþróttinu er getið um fyrra slys en ekki gerð ítarlega grein fyrir fyrra heilsufari eða það staðreynt að nokkru leyti. M telur með þessum gögnum sýnt að hún hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. V hefur ekki fallist á að orsakatengsl séu sönnuð. V vísaði málinu til svokallaðs PC Crash útreiknings og var niðurstaða hans að höggkrafturinn sem varð í árekstrinum samsvaraði 1,16 km/klst. V vísar einnig til norskrar dómaframkvæmdar þar sem kemur fram að ef höggkraftur er minni en 11 km/klst séu litlar sem engar líkur á varanlegu heilsutjóni.

Álit.

Álitaefni málsins er hvort sannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við árekstur þann 6. desember 2005. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á umfang tjóns síns. Í málinu liggja fyrir takmörkuð lækniþrótt gögn, sérstaklega hvað varðar fyrra heilsufar M. Í læknaþrótti slysadeildar kemur fram hvernig ástand M var rétt eftir áreksturinn og lækniþrótt Stefáns Dalberg bendir ekki til þess hann hafi haft M til meðferðar, heldur einungis séð hana einu sinni nokkrum árum eftir slysið. Gögn frá heimilislækni liggja ekki fyrir og útreikningar á höggkrafti vegna árekstursins og myndir af bifreiðunum benda til þess að um mjög vægan árekstur hafi verið að ræða. Með vísan til þessa telst ósannað að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn 6. desember 2005 eða að orsakatengsl séu milli líkamslegs ástands hennar í dag og þessa atburðar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A.

Reykjavík 8. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.